



# VINNUBLAÐ 1

## KYNNING Á HRYLLINGSMYNDUM

Hafið þið horft á hryllingsmynd?

Hefur þú upplifað hvernig hryllingsmyndir geta hækkað hjartsláttinn og látið þig svitna eða hrökkva úr sætinu þínu?

Í þessu verkefni sem við köllum „Víxlklippingu“ framleiða skólabekkir frá öllum Norðurlöndunum atriði fyrir hryllingsmyndir. Kvikmyndastjóri er svo fenginn til að safna atriðunum saman, bæta atriðum við og klippa myndina.

Þið eigið sjálf að þróa hlutverk, línur og bregðuatriði. Með því að taka þátt í „Víxlklippingu“ eigið þið möguleika á að fá vinning sem felur í sér kvikmyndaveislu fyrir bekkinn að virði DKK 5.000. Bekkur sem sýnir fram á sérstakan áhuga og sköpunargáfu fær verðlaun.

Myndin verður frumsýnd á [www.nordeniskolen.org](http://www.nordeniskolen.org)

Þið byrjið á því að horfa á hryllingsmyndina „I dare you“ frá 2019. Danski leikstjórinn Casper Balslev leikstýrði myndinni.

Þegar þið horfið á myndina skulið þið huga að aðalpersónunni, skrímslum, staðsetningum og notkun ljóss, hljóðs, spennu og óvænt atvik.

### ÞEGAR ÞIÐ HAFIÐ KLÁRAÐ AÐ HORFA Á MYNDINA EIGIÐ ÞIÐ AÐ LÝSA ÁKVEÐNUM ÞÁTTUM HENNA

- Lýsið aðalpersónunni
- Lýsið skrímslunum
- Lýsið staðsetningum í myndinni


Ræðið hvernig kvikmyndafræðilegar aðferðir eins og **spenna** og **óvænt atvik** hafa áhrif á áhorfendur. Ræðið einnig áhrif **ljóss**, **hljóðs** og **sjónarhorns myndavélarinnar**.

Skemmtið ykkur vel.



#### VALFRJÁLST VERKEFNI:

Greinið sjónarhorn myndavélarinnar í „I dare you“ — hvernig notar leikstjórinn myndavélina og hvernig fer hann að því að byggja upp spennu?



## **ÁBENDINGAR OG HUGMYNDIR**

### SPENNA OG ÓVÆNT ATVIK

Spenna og óvænt atvik eru tvennis konar aðferðir sem beita má þegar verið er að segja sögu.

Spenna skapar langvarandi eftirvæntingu sem getur orðið nánast óbærileg. Óvænt atvik koma okkur á óvart og láta okkur (áhorfendur) hrökkva úr sætunum.

Bæði spenna og óvænt atvik eru verkfæri í leiklist. Spenna er eftirvænting sem stigmagnast smám saman. Spenna skapast þegar við sem áhorfendur vitum meira en persónan í myndinni, t.d. um tímasprengju eða morðingja í kjallaranum.

Víxlklipping er oft notuð til að skapa spennu. Þá er klippt á milli aðalpersónunnar, sem grunar ekkert, og morðingjans sem er að koma nær. Þetta hefur stressandi áhrif og okkur langar að vara aðalpersónuna við.

Með því að hægja á framvindunni skapast meiri spenna.

Hljóðið hefur einnig mikil áhrif á uppbyggingu spennu.

